



# Formannafundur AKÍS

9. nóvember 2019

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn í Fundarsal ÍSÍ laugardaginn 9. nóvember 2019 kl.11:00.

## 1. Fundur settur

Tryggvi M Þórðarson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður lagði til að hann yrði fundarstjóri og Þrándur Arnþórsson fundarritari sem var samþykkt. Tryggvi spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun fundarins. Það var ekki og lýsti hann því formannafundinn löglegan.

## 2. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar:

Góðir fundarmenn

Á starfsárinu 2019 voru haldnar 47 keppnir. Okkar hefðbundna keppnistímabil var frá byrjun maí til loka september eða 22 helgar sem eru ekki allar nothæfar. Á þessu keppnistímabili breyttust veður þannig að sunnan heiða var góð tíð, en ekki svo góð norðan heiða.

Ég sagði "Okkar hefðbundna keppnistímabil" áðan og eru það orð að sönnu, en raunverulegt keppnistímabil okkar var frá 23. febrúar til 19. október, þar sem Íslandsmótið í hermikappakstri lengdi árið töluvert.

Hermikappakstrismótið fór af stað í framhaldi af því að AKÍS tók þátt í Reykjavík International Games um mánaðarmótin janúar febrúar 2019. Í framhaldinu var ákveðið að blása til þessarar keppni í samstarfi við GT Akademiuna í Ármúla sem við þökkum kærlega fyrir. Vert er að huga að því að mótið er fyrsta stafræna Íslandsmótið sem haldið hefur verið af aðildarfélagi ÍSÍ í íþróttagrein sem það er fulltrúi fyrir.

Á árinu voru gefin út kringum 977 keppnisskírteini, sem er um það bil 15% aukning frá árinu áður. Tvö alþjóðleg skírteini voru gefin út, en tegund þeirra var sú sem ætluð er til brautaraksturs, ekki keppni. Því miður þá þýðir þetta eins og undangengin ár að íslenska keppendur er ekki að finna í keppnum þar sem slíkra keppnisskírteina er krafist.

Fyrir viku síðan hélt FIA fyrstu heimsmeistaraleikana í akstursíþróttum (FIA Motorsport Games) á Vallengunga brautinni nálægt Róm á Ítalíu. Keppt var í sex greinum, GT3, Touring Car, Formula 4, drift, svigi á gokart og hermikappakstri. Þarna kepptu 166 keppendur fyrir hönd 49 landa um sigur í þessum greinum. Ég horfi fram á næsta ár með eftirvæntingu til að sjá íslenska öikumenn etja kappi á 2020 leikunum.

Á miðju ári voru ný umferðarlög og lög um ökutækjatrýggingar samþykkt sem sennilega þýða miklar breytingar fyrir okkur. Áður en ég fjalla um það, þá er vert að taka fram að tillit var tekið til all flestra athugasemda okkar - utan þetta með skemmtigarðana. Þá má benda á það að nú eru það þrjú íþróttasambönd innan ÍSÍ sem falla undir þessi nýju lög eða HRÍ, MSÍ og AKÍS.

Komum þá aftur að lögum. Margar reglugerðir þarf að setja þegar svona miklar breytingar verða á lögum. Ekki er ennþá, þó við höfum ýtt á það, hafin vinna við að gera nýja reglugerð um akstursíþróttir. Það hefur ekki ennþá verið tekin ákvörðun um það hvort þessi reglugerðarsmið verði á hendi Samgöngustofu eða Samgönguráðuneytisins, þannig má halda því fram að við séum ekki enn komin á byrjunarreit.

Við höfum komið ákveðnum sjónarmiðum á framfæri við Samgöngustofu, til dæmis að leyfa íþróttasamböndunum sem falla undir lögina að ákveða aldur keppenda í einstökum greinum. Aldri væri þá stilt þannig að hann væri til samræmis við það sem gerist í löndunum í kringum okkur - þannig geta keppendur frá okkur tekið þátt í keppnum í öðrum löndum án vandamála. Ég held að skilningur sé á því að breyta þessu sé rökrétt og vel samburðarhæft við aðrar íþróttagreinar í landinu.

Með þessum nýju lögum, umferðarlög og lögum um ökutækjatrýggingar, þá hefur verið hoggð á þann hnút sem hnýtti þetta saman. Við horfum á það nú að í nýjum lögum um ökutækjatrýggingar, þá stendur í 2. gr. að löggin gildi ekki "þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum". Allar keppnir, utan

nákvæmnis aksturs, falla undir þessa skilgreiningu - meira að segja rallybílar á sérleiðum munu falla undir þetta. Þeir hafa sína bifreiðatryggingu á ferjuleiðum, en ekki sérleiðum.

Hvað þýðir þetta fyrir okkur? — Það er í sjálfu sér óvíst, því miður. Það má ætla að í nýrri reglugerð um akstursíþróttir verði kveðið nánar um þetta en ekkert er í hendi. Mín skoðun er sú að það þurfi að vera lagaákvæði sem skilgreinir hvaða tegund af ábyrgðartryggingu þurfi að vera í akstursíþróttum, en tíminn einn mun leiða í ljós hvað gerist.

Við erum hins vegar í sambandi við aðilana sem eiga að vinna í þessu með það fyrir augum að ýta á gerð þeirra reglugerða sem þarf.

Líti maður á þetta með einhvers konar óskhyggju-framtíðar-gleraugum þá held ég að við séum að komast í það að hver keppandi þarf að tryggja sig sérstaklega í keppni og þá tvíþætt. Annars vegar er það einhvers konar ábyrgðartrygging gagnvart þriðja aðila og hins vegar slysatrygging ökumanns.

Þegar þetta liggur fyrir þarf að skoða hvernig tryggingum er best hagað, hver og einn keppandi sjái um þær, hver og einn keppnishaldari tryggi keppni og keppendur (utan slysatrygging) eða hvort að AKÍS eigi að leita eftir því að gera þetta fyrir alla og það komi fram þá svipað og með líf- og örorkutrygginguna sem við vorum með fyrir tveimur árum.

Ég ætla ekki að ræða hér tryggingartilskipun Evrópuþingsins, áhrif dóma Evrópudómstólsins á hana og nýju tryggingarlöggjöfina - sjáum hvað setur.

Því miður — þá verðum við að bíða þar til ríkisvaldið hefur sett reglugerð eða reglugerðir sínar um akstur um akstursíþróttir.

Í ágúst síðastliðinn var haldið hér í annað sinn umferð í heimsmeistara keppni í nákvæmnisakstri rafbíla. Tíu keppendur voru skráðir, þar af fjórar erlendar áhafnir. Efsta íslenska áhöfnin var í fjórða sæti, eftir afar harða keppni. Þegar ein keppni er eftir er þessi áhöfn jöfn nokkrum öðrum í fimmtánda sæti í meistaramótinu. Til stendur að reyna að fá að halda þessa keppni árið 2020, en þá yrði hún í byrjun júlí. Kannski við kynnum útlendinga fyrir næturkeppni í birtu.

Á síðasta formannafundi og ársþingi var hvatt til þess að koma fleiri af reglum FIA, sérstaklega Alþjóðlega Reglubók FIA, eða Reglubókina, yfir á íslensku. Nú á haustmánuðum hefur verið lyft Grettistaki í þeim efnum. Búið er að þýða Reglubókina, reglur um öryggisbúr, hluta af reglum um búnað ökumanna og verið er að þýða kafla um hegðan á brautum. Þetta hefur verið samstillt áttak nokkurra aðila innan og utan stjórnar sem ég vil sérstaklega þakka fyrir.

Með því að þýða þessar reglur þá var komið að því að skoða keppnisreglur greinanna og einnig keppnisreglur AKÍS. Það verður nefnilega að viðurkennast að með því að þýða Reglubókina þá losnum við við margar tvíteknningar sem getur orsakað að misræmi sé milli reglna. Þá er einnig, með þýðingunni, fengin samræmd orðanotkun, sem ætti að einfalda málin mikið.

Farið verður nánar yfir þetta hér á eftir, en í stuttu máli þýðir þetta að við þurfum að endurskoða allar reglur einstakra keppnisgreina til að nýta okkur þessar þýðingar að fullu. Þá þarf einnig að endurskoða keppnisreglur AKÍS enda eru þær að mestu að finna í Reglubókinni.

Í framhaldi af svo viðamiklum breytingum á reglum þá held ég að AKÍS þurfi að halda kynningar á þeim og hvaða breytingar eru helstar og hvernig maður fer að því að lesa þær.

Reglur um öryggisbúr hafa ekki verið til á einum stað hjá AKÍS, en nú með þýðingu 253 greinar viðauka J við Reglubókina þá breytist þetta. Með þeim vildi ég sjá öll öryggisbúr skoðuð sérstaklega á næsta ári þannig að á keppnistímabilinu 2021 verði öll öryggisbúr samkvæmt þeim reglum.

Samfara því þá hefur væri gott og í raun nauðsynlegt að safna eilítið meiri upplýsingum um keppnisbifreiðar, til dæmis myndum af þeim og fleira, eins og nágrannaþjóðir okkar gera og þykir eðlilegt.

Haldin hafa verið námskeið á þessu ári fyrir dómara í torfæru og einnig í drift og er það gott, en við þurfum að reyna að koma þeim á þannig að þau séu árviss.

Við áttum fulltrúa á rally öryggisþingi sem haldið var samhliða NEZ Regional Sport Conference í Kaupmannahöfn í lok október.

Þá eru að fara tveir fulltrúar frá Íslandi á bráðaliða námskeið hjá FIA sem haldið verður Króatíu seinna í mánuðinum. Verið er að skoða að senda fulltrúa á öryggisnámskeið í Þýskalandi í næsta mánuði. Þessi námskeið sem minnst var á eru öll á vegum FIA og styrkur frá þeim til handa okkur til að senda þáttakendur.

AKÍS hefur fengið vilyrði fyrir því að fulltrúar þess geti starfað með skoðunarteymi í tveimur keppnum erlendis á næsta ári.

Önnur keppnin er sænska rallið, sem er umferð í heimsmeistaramotoinu í rally. Hin er rallycross keppni í Lettlandi - einnig hluti af heimsmeistarakeppninni eða þá Evrópumeistarakeppninni. Vonandi nýtum við okkur þessi heimboð.

FIA NEZ samstarfið er að taka breytingum í framhaldi af viðauka sem FIA gaf út við Reglubókina. Þar komu fram ákveðnar reglur um það hvernig ætti að skrá keppni á svæðinu og hvaða keppni mætti skrá. Þá kom einnig í ljós í vor að Danir vildu ekki vera lengur með umsjón með FIA-NEZ og varð það úr að AKÍS bauðst til að taka það að sér. Því fylgir ákveðið fjárframlag þannig að þetta á ekki að vera okkur fjárhagslegur baggi.

Á haustfundi FIA-NEZ sem haldinn var í síðasta mánuði þá kom fram að Danir vildu ekki að formaður yrði frá þeim. Þetta olli miklu fjaðrafoki þar sem þessi einarða afstaða þeirra hafði ekki verið kynnt áður með þeim hætti sem gert var. Úr varð að nýr formaður, sá sem hér stendur, var kosinn til eins árs og mun annar kosinn að ári. Ástæða þess er sú að á næsta ári mun FIA North European Sport Conference verða héraðs og þá einnig FIA-NEZ fundur. Á þessu ári sem er til stefnu munu samþykktir FIA-NEZ endurskoðaðar og gerðar einfaldari.

Nokkur mál hafa komið upp í keppnum sem dómnefndir hafa þurft að taka á. Dómnefndir eru afar mikilvægur hluti keppni og þurfa því að vera á staðnum. Þegar einhver tekur að sér að vera í dómnefnd, sérstaklega sem formaður, þá er það mín einlægá skoðun að hann verði að vera á staðnum.

Mig langar að sjá AKÍS taka upp svipaðan vinnuátt og FIA í því hvernig dómnefndir eru skipaðar. Hjá FIA er það svo að þeir skipa formann, síðan er fulltrúi keppnishaldara og keppenda / ökumanna. Hér væri það AKÍS sem skipaði formann,

keppnishaldari einn og keppendur / ökumenn einn. Hvort sem við gerum þetta eða ekki, þá þurfum við að skilgreina hvort og þá hvernig endurgreiðslu kostnaðar er háttáð fyrir þetta. Illa getum við ætlast til að dómnefndarmenn fari landið á enda á eigin kostnað.

Í sumar kom Íþróttabandalag Reykjavíkur að máli við okkur um þátttöku á Reykjavík International Games og þá með einhverju meira en var í fyrra. Úr varð eftir umræður að keppt verður í hringakstri á 1000cc bifreiðum og einnig mun keppt í hermiakstri í samstarfi við GT akademíuna aðra helgina. Hina helgina mun verða landskeppni milli Danmerkur og Íslands í iRacing hermiakstri á laugardagkvöldið kl. 19 og mun keppninni varpað á sjónvarpsskjá niður í Laugardalshöll auk þess sem hún er sýnd beint.

Erlendir þulir verða, sem vanir eru slíkum keppnum. Þetta er að ég tel víst í fyrsta sinn sem verður lands keppni í rafíþróttum - allavega í greinum sem eiga samsörun við sambandsaðila innan ÍSÍ.

Það er gleðilegt að sjá að tvö af aðildarfélögum AKÍS eru að vinna að því að vera með námskeið fyrir unglinga. Þar held ég sé gott að huga ekki einvörðungu að akstursþjálfun, heldur og umhverfinu og líkamlegri þjálfun. Það er gott að fara inn á þessi svið því framtíðin er í ungdómnum.

AKÍS hefur verið átt fundi með afreksnefnd ÍSÍ á árinu með það að leiðarljósi að koma afreksstarfi á laggirnar hjá AKÍS. Í öðrum löndum í kringum okkur þá er nefnd á vegum systursamtaka okkar sem velur úr vænlega afrekskeppendur, gerir við þá samning um framhaldið. Þessi samningur tekur á þjálfun og markmiðum, ekki aðeins í þeirri grein sem viðkomandi keppir í heldur einnig líkamlega þjálfun og sé viðkomandi á skólaaldri þá um framgang þar. Gangi allt að óskum þá er viðkomandi komið í sambandi við umboðsskrifstofu fyrir hæfileikafólk í íþróttum.

Í sumum nágrannalöndum okkar er einn aðili sem er nokkurn veginn einvaldur þegar að vali kemur, en ber sínar tillögur fyrir nefnd sem samþykkir hverjum er boðið að vera í þessu. Eigum við að huga að því með því að gera reglur fyrir afreksnefnd og hvað hennar hlutverk er. Kannski einnig hvert vill AKÍS stefna í afreksstarfi íþróttarinnar?

Eins og áður þá áttu sér stað lagfæringar á mótakerfinu, sem komu til góða, en það mun endurnýjað í framhaldi af breytingum á reglum. Við þær breytingar þá kemur meginhluti sérreglna keppni sjálfkrafa um leið og keppni er skráð.

Með endurskoðun á keppnisreglum þá verður tekið á félagsskiptum og hvort að við eigum að vera með félagsskiptaglugga eins og boltaíþróttir eru í dag eða hvort við eigum að halda okkur við þá aðferð sem er í dag.

Nú er komið á hreint að frá 2021-2024 verður heimsmeistarkeppnin í rallycross rafmögnum að hluta. Spennandi þróun sem vert verður að huga að. Þá er einnig komið í ljós að útgáfa eitt af rafhlöðum þeim sem voru í Formula E bifreiðum, verða notaðar í einhverju sem heitir Extreme E, skipulagt af sama aðila og Formula E. Þetta er sambland af rally, rallycross og torfæru á fáförnum stöðum, svo sem nyrst á Grænlandi og regnskógum í Brasilíu. Þetta er ætlað sem sjónvarpsefni - ekki fyrir fólk til að fara og horfa á.

Það eru mörg önnur mál sem ugglaut mætti minnst á, en ég læt þetta nægja að sinni. Það er þó mín skoðun að það séu spennandi tímar framundan ...

### 3. Ný umferðarlög og ný tryggingarlög

Tryggvi M. Þórðarson fór yfir breytingar sem verða vegna nýrra umferðarlaga ásamt tryggingum ökutækja.

Fundurinn fól stjórn AKÍS að kanna möguleika á tryggingum vegna tjóna þriðja aðila. Sérstaklega hvort aðildarfélögin keyptu sjálfstætt tryggingar eins og nokkur hafa gert, eða AKÍS geti samið um heildarpakkann. Markmiðið er að lágmarka kostnað bæði fyrir keppnishaldara og keppendur.

### 4. Staðfesting Íslandsmeistara 2019

Eftirfarandi Íslandsmeistaratitlar voru staðfestir:

Grein	Nafn	Félag
<u>Drift - Götubílaflokkur</u>	Ragnar Már Björnsson	KK
<u>Drift - Minni götubílar</u>	Krzysztof Kaczynski	KK
<u>Drift - Opinn flokkur</u>	Birgir Sigurðsson	KK
<u>GoKart</u>	Gunnlaugur Jónasson	KK
<u>Rally – Aðstoðarökumenn AB Varahlutaflokkurinn</u>	Guðni Freyr Ómarsson	BÍKR
<u>Rally – Aðstoðarökumenn flokkur B</u>	Heimir Snær Jónsson	BÍKR
<u>Rally – Aðstoðarökumenn heildin</u>	Heimir Snær Jónsson	BÍKR
<u>Rally – Ökumenn AB Varahlutaflokkurinn</u>	Jósef Heimir Guðbjörnsson	BÍKR

<u>Rally – Ökumenn flokkur B</u>	Baldur Arnar Hlöðversson	BÍKR
<u>Rally – Ökumenn heildin</u>	Baldur Arnar Hlöðversson	BÍKR
<u>Rallycross – Unglingaflokkur</u>	Arnar Már Árnason	AÍH
<u>Rallycross – 1000 flokkur</u>	Kristófer Danielsson	BA
<u>Rallycross – 2000 flokkur</u>	Ragnar Magnússon	AÍFS
<u>Rallycross – 4X4 Non Turbo</u>	Trausti Guðfinnsson	AÍH
<u>Rallycross – Opinn flokkur</u>	Víkar Karl Sigurjónsson	AÍFS
<u>Kvartmíla - OF</u>	Stefán Hjalti Helgason	KK
<u>Kvartmíla - TS</u>	Svanur Vilhjálmsson	KK
<u>Kvartmíla - ST</u>	Ingimar Baldvinsson	KK
<u>Kvartmíla - SS</u>	Bjarki Hlynsson	KK
<u>Götuspyrna - 6 cvl</u>	Tómas Karl Benediktsson	BA
<u>Götuspyrna - 8 cvl standard</u>	Stefán Örn Steinþórsson	BA
<u>Götuspyrna - 8 cvl +</u>	Kristján Skjöldal	BA
<u>Götuspyrna - Jeppar</u>	Jóhann Björgvinsson	BA
<u>Sandspyrna – Jeppar</u>	Steingrímur Bjarnason	TKS
<u>Sandspyrna – Útbúnir jeppar</u>	Kristján Stefánsson	KK
<u>Sandspyrna – Opinn flokkur</u>	Valur Jóhann Vífilsson	KK
<u>Tímaat – Götubílar</u>	Pétur Wilhelm Jóhannsson	KK
<u>Tímaat – Breyttir götubílar</u>	Hilmar Gunnarsson	KK
<u>Hermikappakstur</u>	Jónas Jónasson	KK
<u>Torfæra – Sérútbúnir</u>	Þór Þormar Pálsson	BA
<u>Torfæra – Götubílar</u>	Steingrímur Bjarnason	TKS

## 5. Keppnisdagatal 2020

Dagsetningar ákveðnar að mestu leyti með fyrirvara:

	Grein	Skýring	Félag	Staður
25.01.2020	Hringakstur 1000cc	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
25.01.2020	Hermakappakstur	Undankeppni	KK	Laugardalshöll
01.02.2020	Hermakappakstur	Ísland - Danmörk	KK	Laugardalshöll
xx.02.2020	Ísakstur	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
	Hermakappakstur	Íslandsmót - Imola	KK	GT Akademían
	Hermakappakstur	Íslandsmót - Laguna Seca	KK	GT Akademían
	Hermakappakstur	Íslandsmót - Spa Francorchamps	KK	GT Akademían
02.05.2020	Torfæra	Íslandsmót	Hekla	Hella
10.05.2020	Gokart	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
16.05.2020	Kappakstur og Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
17.05.2020	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður

21.05.2020	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
23.05.2020	Drift	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
23.05.2020	Torfæra	NEZ Formula Offroad	NMK	Hønefoss, Noregi
24.05.2020	Torfæra	NEZ Formula Offroad	NMK	Hønefoss, Noregi
	Hermakappakstur	Íslandsmót - Fuji	KK	GT Akademían
30.05.2020	Kappakstur 1000cc	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
30.05.2020	Götuspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
31.05.2020	Sandspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
05.06.2020	Rally	Íslandsmót	AÍFS	Suðurnes
06.06.2020	Rally	Íslandsmót	AÍFS	Suðurnes
06.06.2020	Drift	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
07.06.2020	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
13.06.2020	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
17.06.2020	Bílasýning	Bíladagar	BA	Akureyri
17.06.2020	Auto-X	Bikarmót	BA	Akureyri
18.06.2020	Sandspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
18.06.2020	Götuspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
19.06.2020	Drift	Íslandsmót	BA	Akureyri
19.06.2020	Græjukeppni	Bíladagar	BA	Akureyri
20.06.2020	Torfæra	Íslandsmót	BA	Akureyri
20.06.2020	Burnout	Bíladagar	BA	Akureyri
27.06.2020	Gokart	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
28.06.2020	Kappakstur og Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
26.06.2020	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Hólmavík
27.06.2020	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Hólmavík
04.07.2020	Torfæra	Íslandsmót	Start	Egilsstaðir
04.07.2020	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
05.07.2020	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
10.07.2020	eRally	Heimsmeistaramót	KK	Reykjavík
11.07.2020	eRally	Heimsmeistaramót	KK	Reykjavík
18.07.2020	Gokart	Íslandsmót	BA	Akureyri
18.07.2020	Torfæra	Íslandsmót	TKS	Akrafjall
19.07.2020	Sandspyrna	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
24.07.2020	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Sauðárkrókur
25.07.2020	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Sauðárkrókur
25.07.2020	Drift	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
01.08.2020	Traktoratorfæra	Bikarmót	AÍNH	Flúðir

08.08.2020	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
09.08.2020	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
15.08.2020	Torfæra	Íslandsmót	BA	Akureyri
15.08.2020	Þolakstur	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
22.08.2020	Drift	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
22.08.2020	Götuspyrna	Íslandsmót/Minningarmót	BA	Akureyri

## 6. Akstursípróttamenn ársins - karl og kona valin

Fundarmenn kusu akstursípróttakonu og akstursípróttamann og úrslit kosninga urðu:

Konur Guðríður Steinarsdóttir  
Karlur Steingrímur Bjarnason

## 7. Breytingar á lögum og reglum

**ISC - Alþjóðleg reglubók FIA - "Reglubókin"** - Baldvin Hansson fór ýtarlega yfir nýja Íslenska þýðingu á regluverki FIA. Breytingar eru í raun engar efnislegar, en þetta ætti að einfalda reglurnar fyrir keppendum.

Keppnisreglur einstakra greina verða einfaldaðar og allt sem er í Reglubókinni tekið út. Búið er að uppfæra reglur í GoKart, Rallycross og Hringakstri í þetta nýja form og aðrar greinar kláraðar í framhaldinu.

Keppnishaldarar þurfa að breyta aðeins verklagi, en mótakerfið á að hjálpa þeim við það.

**Reglur um öryggisbúr** - Jón Bjarni Jónsson fór yfir nýjar reglur um öryggisbúr sem hafa verið þýddar úr Viðauka J Reglubókarinnar - grein 253.8.

## 8. Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram

Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram og kynntar. Reglur þurfa að vera tilbúnar fyrir 1. desember 2020.

## 9. Mál lögð fyrir formannafund 2019

Engin mál.

## 10. Önnur mál

Engin mál.

Formannafundi slitið um kl. 15:10

## Viðauki A: Mæting

AKÍS	Tryggvi M. Þórðarson Ragnar Róbertsson (Stimpill) Jón Bjarni Jónsson Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH) Helga Katrín Stefánsdóttir (TKS) Stefán Örn Steinþórsson (BA) Þrándur Arnþórsson
AÍH	Arnar Már Pálmarsson
Hekla	Sigurður Haukur Einarsson
KK	Ingimundur Helgason
AÍFS	Guðbergur Reynisson
BÍKR	Guðni Freyr Ómarsson Þórður Andri Mckinstry (auka)